

**Samþykktir 29. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
17. – 18. október 2013**

Efnisyfirlit

Línuívilnun.....	3
Makríll.....	3
Lúðuveiðar	3
Strandveiðar.....	3
Blálanga og úthlutun veiðiheimilda.....	3
Porskur, ýsa, steinbítur og ufsi.....	4
Síldveiðar	4
Skiptimarkaður	4
Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.....	4
Ísprósenta	5
Byggðakvóti.....	5
Greiðslumiðlun	5
Sérstakt veiðigjald	5
Gjaldtaka	5
Dragnótaveiðar	5
Togveiðar og veiðar uppsjávarskipa	6
Fiskverð	6
VS afli	7
Tegundatilfærsla.....	7
Meðferð afla.....	7
Reglugerðalokanir	7
Hafrannsóknastofnun	7
Grásleppa	8
Símakrókur.....	9
Hvalveiðar	9
Frumkvöðlastarf	9
Sjómannaafláttur	9
Innra starf smábátæigenda	9

Línuívilnun

Aðalfundur LS krefst þess að aflaheimildir til línuívilnunar verði auknar og hún gildi um alla dagróðrabáta.

Makríl

Aðalfundur LS krefst þess að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar.

Lúðuveiðar

Aðalfundur LS leggur til að heimiluð verði löndun á hvítlúðu (lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.

Aðalfundur LS mótmælir lúðuveiðibanni og leggur til að veiðar verði leyfðar með haukalóð á smábátum.

Strandveiðar

Aðalfundur LS leggur til að afnumið verði hámark á heildarafla til strandveiða.

Aðalfundur LS leggur til að breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þannig að strandveiðar verði ekki leyfðar daginn eftir sjómannadag.

Aðalfundur LS styður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS, veiði verði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur á bát, 4 mánuðir á ári, 650 þorskígildi, svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.

Aðalfundur LS leggur til að strandveiðitímabil verði apríl – september.

Blálanga og úthlutun veiðiheimilda

Aðalfundur LS mótmælir kvótasetningu á blálöngu

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

Porskur, ýsa, steinbítur og ufsi

Aðalfundur LS skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að beita sér í því að þorskvótinn verði aukinn nú þegar í 250 þúsund tonn.

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að auka steinbítshemild úr 7.500 í 12.000 tonn.

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheimildir í þorski og ýsu auk þess að gefa færaveiðar á ufsa frjálsar.

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax. Gríðarlegt magn er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við veiðiheimildir í ýsu og jafnframt að taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á króka.

Síldveiðar

Aðalfundur LS leggur til að síldveiðar í lagnet verði leyfðar öllum smábátum óháð landsvæðum.

Aðalfundur LS hvetur til góðrar umgengni við nótaveiðar í Breiðafirði

Skiptimarkaður

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að heimild eiganda um tilgreiningu tegunda til jöfnunar verði felld út. Ákvæðið sem um ræðir er í 4. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ástæða beiðinnar er að gera skiptimarkað aftur virkan.

Aðalfundur LS vill að krókaaflamarksútgerðum verði gert kleift að skipta á krókaaflamarki í ufsa fyrir aflamark í ýsu úr aflamarkskerfinu í gegnum skiptimarkað Fiskistofu.

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða

Aðalfundur LS krefst þess að 9. gr. laga um stjórn fiskveiða verði tekin til endurskoðunar m.t.t. þess að gefin sé annar kostur við verndun einstakra fisktegunda en kvótasetning með aflahlutdeild.

Aðalfundur LS krefst þess að felld verði út ákvæði laga um að hlutdeild endurnýist ekki ef bátur nær ekki veiðiskyldu.

Ísprósenta

Aðalfundur LS krefst þess að eftirlit vegna ísprósentu í afla verði virkt.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS leggur til að byggðakvóta verði einungis úthlutað til dagróðrabáta og verði ívilnun við löndun í heimabyggð báts.

Aðalfundur LS leggur til að ákvæði í reglugerð um byggðakvóta þar sem staðfestur samningur um vinnslu, staðfestur af sveitarfélagi skuli liggja fyrir við umsókn um byggðakvóta sem skilyrði, verði fellt úr reglugerð.

Greiðslumiðlun

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar til 1. janúar 2015. Greiðslumiðlunin hefur marga kosti fyrir smábátasjómenn, t.d. í sambandi við tryggingar og lífeyrismál. Telur fundurinn nauðsynlegt að gefa að minnsta kosti ár í aðlögunartíma.

Sérstakt veiðigjald

Aðalfundur LS krefst þess að fyrstu 100 þorskígildistonnin verði undanskilin sérstökuveiðigjaldi og ½ gjald verði frá 100 að 200 tonnum.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega sérstöku veiðigjaldi á sjávarútveginn. Fundurinn dregur stórlega í efa að þessi gjaldtaka standist stjórnarskrá eða stjórnsýslulegar kröfur um skattlagningu. Fundurinn leggur til að LS kanni þann möguleika að ráðast í málsókn vegna sérstaks veiðigjalds og ef það er niðurstaðan að sá möguleiki sé líklegur til árangurs, skal LS standa fyrir slíkri málsókn.

Gjaldtaka

Aðalfundur LS mótmælir sí hækkandi gjöldum á smábátaútgerðina. Er þar átt við skoðunar og eftirlitsgjöld svo og allskyns skyldutryggingar.

Dragnótaveiðar

Aðalfundur LS vill að snurvoð verði bönnuð innan 3ja sm. frá suðurströndinni

Aðalfundur LS ályktar að ekki verði kvikað frá þeirri reglugerð sem nú er í gildi varðandi bann við veiðum í dragnót innan núverandi línu sem dregin er úr Ásnefi í Málmei.

Togveiðar og veiðar uppsjávarskipa

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að banna togveiðar innan 6 sjómílna frá landi.

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvegaráðherra að gera að skilyrði að uppsjávarskip sem fá veiðileyfi með flotvörpu verði útbúin stórfiskaskilju til að koma í veg fyrir að fiskur (meðafli) eins og t.d. grásleppa endi ofan í lestum skipsins í stað þess flokkast frá á skiljunni og fari lifandi í hafið aftur.

Greinargerð

Vitað er um að verulegt magn af grásleppu kemur sem meðafli í flotvörpu við uppsjávarveiðar. Meðafli þessi er öllum til óþurftar og fyrir bestu að grásleppan fari strax lifandi í hafið aftur af stórfiskaskiljunni.

Þrátt fyrir ítrekaða umræðu hefur ekki tekist að vekja „kerfið“ (Hafró, Biopol, Fiskistofu, Atvinnuvegaráðuneytið) upp fyrir mikilvægi stórfiskaskilju við þessar veiðar til verndunar grásleppustofninum.

Fiskverð

Aðalfundur LS vill að kannað verði hvernig Verðlagsstofa ákveði fiskverð.

Greinargerð:

Þróun viðmiðunarverðs Verðlagsstofu sem hlutfall af meðalverði á fiskmörkuðum hefur á undanförunum misserum skekkt samkeppnisstöðu útgerða. Kjör sjómanna á bátum þar sem gert er upp samkvæmt viðmiðunarverði eru því ekki í neinu samræmi við laun starfsbræðra þeirra þar sem landað er á markaði. Útgerðir sem borga eftir verðlagsstofuverði eru að borga lægri aflagjöld og minna til LS vegna þess að verðlagsstofuverð er svo lágt.

Aðalfundur LS ályktar að nauðsyn sé á að verðlagning á fiskmörkuðum verði tekin til athugunar. Og að farið verði ítarlega í saumana á þessu máli. Krafa er gerð um það að ávallt komi fram hver kaupir fiskinn og á hvaða verði.

VS aflí

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil

Aðalfundur LS samþykkir að VS afla verði hægt að skipta í þrennt - 40% fari í AVS, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánafnað líknarsamtökum, góðgerðar-samtökum eða styrktarsjóðum 40%.

Tegundatilfærsla

Aðalfundur ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundatilfærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.a. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga þó að hámarki 5% eins og það var. Rökin fyrir þessu eru: Að menn sjái sér hag í því að láta ufsa í krókakerfinu detta niður dauðann sem er þvert á tilgang fiskveiðilaga frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

Meðferð afla

Aðalfundar LS vill að umgengni og meðferð á fiski sé í hávegum höfð og ályktanir gerðar þar um. Mikil áhersla sé á hreinlæti og kælingu. Það skýtur því skökku við að koma að bryggju og þurfa að landa í illa þvegin og langlyktandi ílát frá fiskmörkuðunum

Reglugerðalokanir

Aðalfundur LS ályktar að reglugerðarlokunir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa.

Aðalfundur LS skorar á Sigurð I. Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að láta opna nú þegar lokað hólf á Fljótagrundi, reglugerð nr. 742/2009.

Hafrannsóknastofnun

Aðalfundur LS hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnunin beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.

Aðalfundur LS beiti sér fyrir því að gerð verði formleg skoðanakönnun meðal félagsmanna LS á afstöðu þeirra til rannsóknaaðferða og ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar.

Grásleppa

Veiðidagar á grásleppuvertíð 2014 verði 50 og fjöldi neta 120 (löng net).

Aðalfundur LS leggur til að heimilað verði að sameina grásleppuleyfi. Við sameiningu fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega lokun veiðisvæða í Faxaflóa sem gerðar voru vegna kröfu æðarbænda. Lokunin kemur sér mjög illa fyrir þá sjómenn sem þarna stunda veiðar enda um víðfeðmt svæði að ræða.

Rökin fyrir þessari lokun eru illa ígrunduð og gerð vegna einhliða túlkunar og frekju aðila sem hlut eiga að máli. Benda má á að ágætur skilningur var milli sjómanna og æðarbænda og tóku sjómenn fullt tillit til bréfs er þeir fengu af þessu tilefni. Sjómenn kæra sig ekki um að fá fugl í netin og forðast lagnir þar sem hætta er á slíku. Þó er aldrei hægt að forðast það með öllu og skiptir þá ekki máli hvar netin liggja því fuglinn fylgir loðnunni og getur lent í neti út á miðjum Faxaflóa.

Aðalfundur LS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð:

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

Aðalfundur LS leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

Aðalfundur LS leggur til að samþykkt verði tillaga til ríkisstjórnar Íslands að hún hlutist til um að úthlutað verði 20 milljónum til LS í að þróa og markaðssetja frosin grásleppuhrogn fyrir A-Evrópu og Asíu markaði.

Greinargerð

Má í þessu sambandi benda á þá þróun sem orðið hefur í sölu og markaðssetningu á frostnum loðnuhrognum frá Íslandi sl. 20 árin þar sem nú fer stór hluti af þeim til Austur Evrópu.

Mjög mikilvægt sé að þróa aðra vinnsluaðferð og finna henni markað svo grásleppuveiðum verði ekki sjálf hætt. Grásleppuveiðar eru kostnaðarsamar og hætta á veiðarfærarþjóni er mikil og til þess að

veiðarnar geti haldið áfram þarf sjómaðurinn að sjá einhvern ávinning að stunda þessar veiðar.

Telur fundurinn að þær 20 milljónir sem farið er fram á muni skila sér margfalt til baka.

Aðalfundur LS gerir þá kröfu að skerðing á veiðiheimildum í grásleppu gefi rétt á bótum sambærilegum og gildir um uppbætur í skel og rækju.

Aðalfundur LS mótmælir álagningu sérstaks veiðigjalds á grásleppu og krefst þess að frítekjumark verði virkt.

Aðalfundur LS leggur til að ígildastuðull fyrir grásleppu verði endurskoðaður.

Símakrókur

Aðalfundur LS mótmælir lokun símakróks.

Hvalveiðar

Aðalfundur LS styður hvalveiðar.

Frumkvöðlastarf

Aðalfundur LS leggur til að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta.

Sjómannaafláttur

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar

Innra starf smábátæigenda

Aðalfundur LS hvetur alla smábátamenn til að flykkja sér að baki LS og standa þannig sem bestan vörð um hagsmuni smábáta í þeirri hagsmunabaráttu sem framundan er. Fundurinn vill minna smábátæigendur á hvað LS hefur áorkað í þágu smábátæigenda. Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér.

Aðalfundur LS beinir því til stjórnar LS að kanna hvort möguleiki sé á sparnaði í stjórn LS með því að fækka stjórnarmönnum t.d. með því að aðildarfélög LS sameinist um stjórnarmenn.

Starfsnefndir LS skuli sækja endurnýjað umboð sitt árlega til stjórnar eða aðalfundar.

Aðalfundur LS samþykkir breytingar á samþykktum LS.

Í stað orðanna „í greiðslumiðlun“ í 1. tölulið 11. gr. komi „félagsgjald“ 14. gr. orðist svo: Rita skal fundagerðir aðalfunda, aukafunda, stjórnarfunda og framkvæmdaráðs. Fundagerðir verði aðgengilegar á rafrænu formi.

Aðalfundur LS ályktar að lágmarksgjald félagsmanna í LS sé 20.000 kr. á ári.